

Tilmæli 28/2023
Tillaga A 1951/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 12. desember 2023 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum;
- að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi og;
- að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet.

Hanaholmen, 12. desember 2023

Jorodd Asphjell
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs